



SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

13 2015

STAFRÆNT
SÉRPRENT

Atli Harðarson

Ljóðið Afneitun eftir Górgos Seferis

Borgarlækur, þýðing á ljóðinu
A brook in the City eftir Robert Frost

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

13. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2015

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist
bragi.info/son

ÚTGEFANDI
Óðfræðifélagið Boðn

RITSTJÓRAR
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Sími: 660 5907. Netfang: annaing@hi.is
Haukur Þorgeirsson
Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@hi.is

RITNEFND
Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson,
Kristján Arnason og Rósa Þorsteinsdóttir

MÝND Á KÁPU
Harpa Ellertsdóttir

UMBROT
Bjarki Karlsson

LETUR
Junicode eftir Peter Baker

PRENTUN
Litlaprent



ÚTGÁFA RITSINS ER STYKT AF
MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

ISSN 1670-3723

Efni

Höfundar efnis	6
Til lesenda	8

I. RITRÝNDAR GREINAR

Arndís Hulda Auðunsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir: „Berðu mér ei blandað vín“: Um skáldskaparmjöðinn og áfengið í rímnakveðskap Sigurðar Breiðfjörð	11
Þórður Helgason: <i>Ljóðabljóð. Um mátt hljóms og hljóða í íslenskri ljóðlist.</i>	37
Haukur Þorgeirsson: <i>Hávamál Resens prófessors</i>	111

II. ÓÐFLUGUR OG UMRÆÐUGREINAR

Atli Harðarson: <i>Ljóðið Afneitun eftir Gíorgos Seferis</i>	136
Þórður Helgason: <i>Þegar rímið rætist ekki</i>	143
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir: <i>Tvær skáldkonur</i>	151
Helgi Skúli Kjartansson: „ <i>Kvað heldurðu, maður!</i> “	165
Mikael Males: <i>Er Ólafur Þórðarson höfundur Eglu?</i>	173
Bjarki Karlsson: <i>Hugbót að guði gengnum</i>	181

III. RITSTJÓRNAREFNI

Óðfræðifélagið Boðn — Annáll ársins 2015	186
Fundarboð — Aðalfundur 2016 og Málþing 2016	188

L J Ó Ð

Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>ALDREI Á MINNI LÖNGU ÆVI ... (Sónarljóð 2015)</i>	5
Alda Björk Valdimarsdóttir: <i>SJÓNIN LAGAR SIG AÐ MYRKRINU</i>	36
Robert Frost: <i>BORGARLÆKUR (Þýð. Atli Harðarson)</i>	109
Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir: <i>VIÐ FRIDLANDIÐ</i>	142
Kristján Runólfsson: <i>RJÚPAN</i>	150
Þórdís Gísladóttir: <i>LÍF</i>	164
Halla Oddný Magnúsdóttir: <i>POPPSONNETTUR</i>	169
Bjarki Karlsson: <i>SÍÐASTA GÁTA GESTUMBLINDA</i>	172
Kári Tulinius: <i>FÓST RAÐU RAFK RÍUM</i>	180

Sónarljóð

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann hefur sérhæft sig í bragfræði og skrifað bækur um það efni en auk þess sent frá sér allmargar ljóðabækur og eina skáldsögu. Hann hefur lengst af unnið við kennslustörf.

Ljóðskáld

Alda Björk Valdimarsdóttir (f. 1973) er með doktorspróf í almennri bókmenntafræði. Hún er lektor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fyrsta ljóðabók hennar, *Við sem erum blind og nafnlaus*, kom út árið 2015.

Bjarki Karlsson (sjá *Höfundar greina*)

Halla Oddný Magnúsdóttir (f. 1987) er með BA-próf í mannvísindum frá Oxfordháskóla. Hún hefur unnið að dagskráargerð fyrir útvarp og sjónvarp, auk ritstarfa og þýðinga.

Kári Tulinius (f. 1981) er rithöfundur. Á liðnu ári kom út ljóðabókin *Brot hætt frum eind*.

Kristján Runólfsson (f. 1956) hefur fengist við ýmis störf um dagana. Hann hefur látið sig varða söfnun gamalla muna og varðveislu þjóðmenningar og rak um skeið minjasafn, fyrst á Sauðárkróki en síðar í Hveragerði til ársins 2008. Ljóð og vísur eftir Kristján hafa birst í blöðum og tímaritum og í safnritum með skagfirskum ljóðum.

Robert Frost (1874–1963) var bandarískt ljóðskáld og hlaut fjölda viðurkenninga fyrir ljóð sín, meðal annars fékk hann Pulitzer verðlaunin fjórum sinnum.

Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir (f. 1956) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún hefur skrifað um bókmenntir og birt ljóð í tímaritum. Valgerður rekur ferðaþjónustu á Leirubakka á Landi.

Þórdís Gísladóttir (f. 1965) er rithöfundur og þýðandi. Hún hefur gefið út þrjár ljóðabækur og auk þess barnabækur og kennslubækur. Fyrir fyrstu ljóðabók sína, *Leyndarmál annarra* (2010), fékk hún verðlaun Tómasar Guðmundssonar og fyrir aðra ljóðabók sína, *Velúr* (2014) var hún tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þriðja ljóðabók Þórdísar, *Tilfinningarök*, kom út árið 2015.

Höfundar greina

Aðalbeiður Guðmundsdóttir (f. 1965) er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er dósent í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (f. 1957) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er lektor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Arndís Hulda Auðunsdóttir (f. 1987) er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands.

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og með doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Bjarkí Karlsson (f. 1965) er með MA-próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og starfar við Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auk þess að fást við ritstörf og þýðingar.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er með doktorspróf í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknarlektor við Handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Mikael Males (f. 1977) er með doktorspróf í norrænum fræðum frá Háskólanum í Osló. Hann lauk nýdoktorsverkefni þar árið 2015.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Robert Frost

Borgarlækur

A Brook in the City

Hann fellur illa að beinni götu í borg
en bærinn hímir samt við nýgert torg,
norpir búinn númersplötu. En hvar
er núna lækjarbugðan sem að var
með kotið eins og inni í faðmi sér,
er ekkert sýnilegt af henni hér?
Ég spyr af því ég þekkti téðan læk
hans þunga straum og iðuköstin spræk
sem léku dátt. Ég lét þar fljóta blóm
og las í ferðir vatnsins, nam þess hljóm.
Þar sem var engi gras ei lengur grær
því gráleit steypa vöxt þess hamið fær
og eplatrén í eldinn hjuggu menn
en örvænt mun að vatnið hverfi senn,
því ódauðlegu ekkert grandað fær.
En eitthvað varð að gera þar sem tær
bæjarlækur leið við grænan svörð.

Hann luktur var í ræsi djúpt í jörð.
Þar dúsir hann og dýflissan er þröng,
daunill, myrk og lokuð undirgöng.
Hans eina sök var kannski að vera um kjurt
og komast ekki á flótta langt í burt.
Ef gömul kort ei gerðu honum skil
hann gleymdur væri, engin minning til.
Mér finnst samt eins og iðjuleysi vomi
yfir prísund dimmri og þaðan komi
hugsanir sem banna væran blund
svo borgin hvílist aldrei nokkra stund.

(Atli Harðarson þýddi)

Bandaríska ljóðskáldið Robert Lee Frost (1874 – 1963) er einkum þekktur fyrir kveðskap um líf sveitamanna á Nýja Englandi í byrjun síðustu aldar. Hann skipar veglegan sess í bókmenntasögunni og telst með helstu stórskáldum sinnar kynslóðar. Hann hlaut Pulitzer verðlaun fjórum sinnum. Kveðið um lækinn í borgarlandinu var ort um 1920.

II

Óðflugur og
umræðugreinar

Atli Harðarson

Ljóðið Afneitun eftir Gíorgos Seferis

Ljóðið og orðrétt þýðing

Í bókinni *Grikkland alla tíð* sem Kristján Árnason ritstýrði og út kom hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi 2013 eru hvorki meira né minna en þrjár þýðingar á ljóðinu AFNEITUN (Αφνηση) eftir Gíorgos Seferis (á bls. 296–7). Þýðendurnir eru auk mín Kristján Árnason og Geir Kristjánsson. Enginn okkar heldur sig við bragarhátt frumtextans. Geir þýðir þannig að merkingin helst nokkuð nákvæmlega en hirðir ekki um rím og reglulega hrynjandi. Kristján notar endarím eins og Seferis en fer frjálsegar með innihaldið heldur en Geir. Ég sleppi endaríminu en nota reglulega hrynjandi og stuðlasetningu og reyni að þýða nokkuð nákvæmlega.

Í ljóði Seferis er regluleg hrynjandi og rím en hann notar ekki stuðla. Sú ákvörðun mín að sleppa ríminu en nota ljóðstafi að íslenskum sið kann því að virðast undarleg. Ég reyni að réttlæta hana í lok þessa pistils.

Um höfundinn og ljóðið

Gíorgos Seferis (Γιώργος Σεφέρης) fæddist árið 1900 skammt frá Smyrnu í Anatólíu. Hann nam lögfræði við Sorbonne háskóla í Frakklandi og starfaði síðan lengst af í grísku utanríkisþjónustunni, m.a. sem sendiherra í Tyrklandi, Englandi og Albaníu. Hann fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1963.

Seferis var einn af forsprökkum módernisma á Grikklandi og átti verulegan þátt í formbyltingu grískrar ljóðagerðar með bók sinni

Mybistorima (Μυθιστόρημα) frá 1935 og þýðingu á *Eyðilandinu* eftir T.S. Eliot sem út kom 1936. Fyrir þann tíma hafði Angelos Sikelianos (Άγγελος Σικελιανός, 1884–1951) að vísu ort óbundin ljóð sem birtust fyrir 1920 og suður í Alexandríu hafði Konstantínos Kavafis (Κωνσταντίνος Καβάφης, 1863–1933) farið nýjar leiðir í skáldskap en kvæði hans voru fremur fáum kunn fyrr en ljóðasafn hans kom út í Aþenu árið 1935, tveimur árum eftir dauða hans.

Þegar AFNEITUN birtist í fyrstu ljóðabók Seferis, *Strofi* (Στροφή) árið 1931 hafði móðernisminn sem sagt varla numið land á Grikklandi. Það gerði hann í kringum 1935 og raunar með miklum glæsibrag því næstu áratugi á eftir varð til mikið af stórkostlegum ljóðum á grísku. Sumt af því var ort undir merkjum þess móðernisma sem Seferis innleiddi og dregur dóm af skáldskap T. S. Eliot (1888–1965) og Ezra Pound (1885–1972) en sumt sótti innblástur til súrrealismans sem rann saman við gríska hefð hjá nokkrum af höfuðskáldum síðustu aldar. Þeirra kunnastir eru Andreas Embirikos (Ανδρέας Εμπειρικός, 1901–1975), Níkos Engonopoulos (Νίκος Εγγονόπουλος, 1907–1985), Oðysseas Elytis (Οδυσσεύας Ελύτης, 1911–1996) og Níkos Gatstos (Νίκος Γκάτσος, 1911–1992).¹

Seferis hætti að þjóna gríska ríkinu eftir að herforingjar tóku völd árið 1967 og þegar hann lést árið 1971 voru þeir enn við völd. Við jarðarförina safnaðist mikill fjöldi manna saman í Aþenu og söng AFNEITUN við lag Mikis Þeodorakis (Μίκης Θεοδωράκης, f. 1925) og varð þessi söngur, sem hafði þá um nær tíu ára skeið verið vinsæll og vel þekktur, að sameiningartákni þeirra sem börðust gegn herforingjastjórninni. Nú er þetta nánast annar þjóðsöngur Grikkja, a.m.k. þeirra sem hafa óbeit á fasisma.

Þess má geta að tvö af vinsælustu tónskáldum Grikkja á síðustu öld, þeir Mikis Þeodorakis og Manos Hgatsidakis (Μάνος Χατζιδάκις, 1925–1994) hafa gert nútímaljóðlist að almenningseign með því að semja vinsæla söngva við fjölmörg ljóð eftir höfuðskáld grískis móðernisma. Kunnust eru líklega lög Þeodorakis við ljóð eftir Elytis og lög Hgatsidakis við ljóð eftir Gatsos.

En snúum okkur aftur að ljóðinu AFNEITUN sem hér er til umfjöllunar. Form þess er afar einfalt. Hrynjandin minnir á grískan alþýðukveðskap með 15 atkvæða línunum sem hér er skipt í tvennt eins og mjög

1 Þessi almenni fróðleikur um gríska bókmenntasögu er sóttur í Peter Levi 1972 og Beaton 1994.

oft er gert. Endarímið tengir annars vegar fyrstu og fjórðu línu hvers erindis og hins vegar aðra og þriðju.

Ljóðið var ort árið 1929, fimm árum eftir að Seferis yfirgaf kærustu sína, Jacqueline sem hann hafði kynnst í París. Þegar leiðir þeirra lágu saman var hún átján ára og hann tuttugu og þriggja eða tuttugu og fjöggra ára. Það má túlka þetta ljóð sem einhvers konar uppgjör við samband þeirra og það er t.d. gert í ævisögu Seferis sem var rituð á ensku af Roderick Beaton og kom út árið 2003. En á bak við einfalt form og yfirlætislaus orð felur sig meira en við blasir.

Túlkun – hvað er falið í einfaldleikanum?

Sagnorðin í ljóðinu eru í fyrstu persónu fleirtölu svo mælendur eru „við“ fremur en „ég“. Í þýðingu kemur þetta fram í notkun fornafna en í grísku koma persónuendingar sagnorðanna að mestu í stað fornafna.

Í fyrsta erindi ljóðsins eru mælendurnir á hvíttri strönd en tæpast allveg byggilegri því vatnið er ekki drykkjarhæft. Ströndin sem þeir eru á er leynd eða falin, eins og þetta líf, sem var rangt, hafi jafnframt verið einhvern veginn utan alfaraleiðar. Þau (eða þeir eða þær) reyna að gera staðinn að sínum með því að rita nafnið „hennar“ en sandurinn er þurr og vindurinn blæs á nafnið og eyðir því og það er bara gott. Kannski er þarna óbein vísun í heimsku manninn sem byggði hús á sandi (og Kristur segir frá í 7. kafla Mattheusarguðspjalls). Sandurinn þar er líka kallaðu άμμος (amos). Hvað sem því líður er það sem er letrað í sand forgengilega en það sem klappað er í stein.

Þegar mælendur hafa lýst líf sitt rangt, villu eða mistök er eins og það skipti litlu því þeir flytja bara í annað líf, eða skipta um tilveru. Sögnin „αλλάξαμε“ (allaxame) í síðasta vísuorðinu þýðir „við breyttum“ eða „við skiptum um“. Gríska sögnin „αλλάζω“ (allazo) er notuð um fleira en íslenska sögnin „að breyta“. Þegar Grikki flytur búferlum segir hann t.d. „αλλάζω σπíti“ (allazo spíti) sem er eðlilegast að þýða sem „ég flyt“ þó það þýði kannski bókstaflega að ég breyti um hús. Mælendurnir í ljóðinu enda mál sitt á að segja „αλλάξαμε ζωή“ (allaxame zoi) sem getur þýtt að þeir hafi breytt um líf, skipt um líf eða flutt í annað líf. Það er eins og þeim finnist allt lífið eins og hús sem er hægt að yfirgefa og ef til vill má skilja það sem rótleysi, jafnvel algert rótleysi.

Þýðingin

Hvernig á að þýða þetta? Á að halda hrynjandinni og ríminu og herma eftir gríska hættinum? Það er ein leið en ég valdi að hugsa sem svo að bragurinn minnti á hefðbundinn og alþýðlegan kveðskap en viki samt frá því sem venjulegast er og þess vegna væri best að nota eitthvað sem á svipaðan hátt minnti á hefðbundin og alþýðleg ljóð hér á landi. Ég notaði því reglulega hrynjandi og stuðla. Það er leiðin sem ég valdi til að segja við íslenska lesendur að þetta væri nokkurn veginn hefðbundið ljóð.

Það hefði verið freistandi að nota rím líka og hafa sama munstur í því og á frummálinu en ég fann engin rímorð sem dugðu án þess að hnika merkingunni til eða gera málið óþjálmt og stirðbusalegt. Það hefði spilt þýðingunni. En hvers vegna ekki að sleppa stuðlunum og nota rím í staðinn og fylgja þannig hætti frumtextans? Það er mest vegna þess að í íslenskri hefð hafa stuðlar forgang fram yfir rím – rím án stuðla myndar ekki hefðbundinn brag en ljóðstafir án ríms geta það a.m.k. nokkurn veginn. Niðurstaða mín var því að hafa þýðinguna svona:

Afneitun

Við flæðarmál á feluströndu
fagurhvítri eins og dúfu
þorstinn mjög á miðjum degi
mæddi en vatnið salti blandað.

Þar á ljósan ljóma sandsins
letrað höfðum nafnið hennar,
en frá sænum golan gladdi
og gustur eyddi skrifum þessum.

Ó hve hjartað ákaft barðist,
öndin þreyði full af löngun,
er líf vort tókum tókum – röngum!
og tilverunni út því skiptum.

HEIMILDIR

- Beaton, Roderick. 1994. *An introduction to modern Greek literature*. Clarendon Press, Oxford.
- Beaton, Roderick. 2003. *Geroge Seferis: Waiting for the angel, a biography*. Yale University Press, London.
- Kristján Árnason (ritstj). 2013. *Grikkland alla tíð: Sýnisbók þýðinga úr grísku*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Peter Levi, S. J. 1972. Seferis' tone of voice. *Modern Greek writers*, bls. 171–190. Ritstj. Edmund Keely og Peter Bien. Princeton University Press, Princeton NJ.

Greinar

Arndís Hulda Auðunsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir:

„Berðu mér ei blandað vín“

Þórður Helgason:

Ljóðahljóð

Haukur Þorgeirsson:

Hávamál Resens prófessors

Atli Harðarson:

Ljóðið AFNEITUN eftir Gíorgos Seferis

Þórður Helgason:

Þegar rímið rætist ekki

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir:

Tvær skáldkonur

Helgi Skúli Kjartansson:

„Kvað heldurðu, maður!“

Mikael Males:

Er Ólafur Þórðarson höfundur Eglu?

Bjarki Karlsson:

Hugbót að guði gengnum

Sónarljóð

ALDREI Á MINNI LÖNGU ÆVI HEF ÉG SÉÐ SVONA STÓRT LÍK

eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson

Ljóðskáld og þýðendur

Alda Björk Valdimarsdóttir, Atli Harðarson, Bjarki Karlsson,
Halla Oddný Magnúsdóttir, Kári Tulinius, Kristján Runólfsson,
Robert Frost, Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, Þórdís Gísladóttir